



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir aðstöðu til blóðtöku ásamt kaffistofu fyrir blóðgjafa (Landspítali - Blóðbankinn) að Kringlunni 4-6, F2220515, merking 02-0401, rými 0502 og 0503.

Nafn leyfishafa: Landspítali

Heimilisfang: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavíkurborg

Kennitala: 500300-2130

Gildir frá: 16. október 2025

Gildir til: 16. október 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir heilbrigðisþjónustu og meðferðarstofnanir og Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækir um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 16. október 2025


TÓMAS GUÐJÓNSSON
HEILBRIGÐISEFTIRLIT
REYKJAVÍKUR



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir kaffistofu fyrir blóðgjafa (Blóðbanki Landspítali) að Kringlunni 4-6, F2220515, merking 02-0401, rými 0502 og 0503.

Nafn leyfishafa: Landspítali

Heimilisfang: Skaftahlíð 24, 105

Kennitala: 500300-2130

Gildir frá: 12. september 2025

Gildir til: 12. september 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir samkomustaði.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili saki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 12. september 2025


HEILBRIGÐISEFTIRLIT
REYKJAVÍKUR



Blóðbanka Landspítala

kt. 500300-2130

Skaftahlíð 24

vegna blóðsöfnunar og kaffistofu blóðgjafa í starfstöð fyrirtækisins að

Kringlunni 4-6.

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Dags. umsóknar. Sjá kafla 1. hér að neðan.	Umsókn vegna blóðsöfnunar barst 25.06.2025. Umsókn vegna kaffistofu blóðgjafa barst 11.09.2025
Rekstraraðili, kt.	Landspítali, kt. 500300-2130
Heiti fyrirtækis	Landspítali - Blóðbanki
Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.	Kringlan 4-6, fasteignanúmer F2220515 merking 03-0401, rými 0502 og 0503.
Tegund starfsemi	Töluliður 38 (sjúkrastofnun) í viðauka við reglugerð nr. 903/2024.
Tilefni umsóknar	Ný starfsemi.
Staðfesting á samþykki byggingarfulltrúa og samræmi við skipulag. Sjá kafla 2. að neðan.	Staðfesting á samþykki byggingarfulltrúa barst 8. september 2025.
Dags. birtingar auglýsingar, efni tillögunnar, hvar hún var birt og frestur til athugasemda. Sjá kafla 4. hér að neðan.	10.09.2025. Í tillögunni er lagt til að um starfsemina gildi almenn starfsleyfissskilyrði fyrir heilbrigðisþjónustu og meðferðarstofnanir. Auglýsing var birt á vefsíðu HER.
Athugasemdir sem bárust. Hafi athugasemdir borist er gerð grein fyrir þeim í kafla 5. hér að neðan.	Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.
Hafi verið gerðar breytingar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu er gerð grein fyrir því í kafla 6. hér að neðan.	Gerðar voru breytingar á tillögu að starfsleyfi, sjá nánar kafla 6. hér að neðan.



Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla. Sjá kafla 7. hér að neðan.	Umsókn um starfsleyfi fyrir kaffistofu blóðgjafa var lögð fyrir 1859. afgreiðslufundur HER þann 12.09.2025 og samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára. Umsókn um starfsleyfi fyrir blóðtöku og kaffistofu blóðgjafa var lögð fyrir 1866. afgreiðslufundur HER þann 16.10.2025 þar sem samþykkt var að veita starfsleyfi til 12 ára.
--	---

1. Móttaka á umsókn

Umsókn um starfsleyfi fyrir blóðsöfnun var metin ófullnægjandi og var umsækjanda leiðbeint um hvaða gögn vantaði til að hægt væri að meta hana fullnægjandi. Viðbótargögn bárust og var umsókn metin fullnægjandi eftir yfirferð þeirra.

Umsókn um starfsleyfi fyrir kaffistofu blóðgjafa var metin fullnægjandi.

2. Samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal rekstraraðili sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggi fyrir og starfsemin standist skipulag.

Með umsókninni barst staðfesting byggingarfulltrúa á ofangreindu.

3. Bráðabirgðaheimild Umhverfis- og orkustofnunar

Þann 8. september 2025 sendi Blóðbanki Landspítalans erindi til Umhverfis- og orkustofnunar, þar sem sótt var um bráðabirgðaheimild fyrir því að Blóðbankinn mætti hefja starfsemi blóðsöfnunar Blóðbankans í Kringlunni 4-6. Umhverfis- og orkustofnun sendi erindið til umsagnar hjá heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, þann 8. september sl., sbr. 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. a. laga nr. 7/1998. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerði ekki athugasemdir í umsögn sinni við að veitt yrði bráðabirgðaheimild til að hefja starfsemi Blóðbankans í Kringlunni 4-6 (F2220515, merking 02-0401 í rýmum merktum 0502 og 0503). Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 skal bráðabirgðaheimild einungis veitt þegar brýn nauðsyn er á að hefja eða halda áfram starfsemi. Að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur telst blóðsöfnun á vegum Blóðbanka Landspítalans sem brýn nauðsyn þar sem um er að ræða þjóðfélagslega mikilvæga starfsemi sem ekki má verða rof á.

4. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Skv. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis hún er og hvar megi nálgast tillöguna. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda að starfsleyfi innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi er auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/starfsleyfi-i-auglysingu-samkvaemt-reglugerd-nr-9032024>.

5. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

6. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Við útgáfu starfsleyfisins var bætt við auglýsta tillögu að gefa út eitt sameiginlegt starfsleyfi fyrir alla starfsemina sbr. texta um afgreiðslu hér að ofan, fyrir blóðsöfnun og kaffistofu blóðgjafa með vísan í lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög um matvæli.

7. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis (ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur ef lagt fyrir nefndina).

Í samræmi við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, nánar tiltekið viðauka 2.2 sem fjallar um embættisfærslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, voru ofangreindar starfsleyfisumsóknir lagðar fyrir afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

8. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

5. nóvember 2025

Guðlaug Gylfadóttir

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur